

**Nd.**

**34. Frumvarp til laga**

**[34. mál]**

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson.

**1. gr.**

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

**2. gr.**

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

**3. gr.**

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs og út á búpening og verkfæri  $\frac{2}{3}$  skattmats. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánunum til bústofns- og búvélakaupa.

**4. gr.**

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 5 milljónir króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka á móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu og í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé spariféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni fluttu sömu menn á síðasta þingi, og einnig var það flutt á næstsíðasta þingi af fyrra flutningsmanni. Í hvorugt skiptið náði það fullnaðarafgreiðslu og er því flutt enn á ný í von um það, að Alþingi afgreiði nú málið, sem er þýðingarmikið nauðsynjamál eins og nú er komið.

Úr greinargerð fyrir frumvarpinu frá síðasta þingi þykir flutningsmönnum ástæða til að endurtaka eftirfarandi:

„Fyrir á tímum gátu ungir menn stofnað til búskapar með mjög lítið fé, ef þeir aðeins fengu jörð eða jarðarhluta til leigu. Fátækir menn ólu aldur sinni víða um land á afdala- og heiðajörðum, og margir þeirra björguðust ótrúlega vel. Þessir tímar eru löngu liðnir. Afdala- og heiðajarðirnar eru flestar komnar í eyði fyrir löngu. Fólkið hefur farið í kaupstaðina. Í sveitunum að öðru leyti hefur fólkinu fækkað mjög, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nú á tímum er aftur að verða vaxandi áhugi meðal ungra manna á því að hefja búskap. Aðsókn að nýbýlaaðstoð er mjög mikil og eftirspurn eftir byggðum jörðum hefur aukizt stórkostlega. En nú er af sem áður var. Nú er ekki hægt að byrja búskap með litlu stofnfé. Gildi peninganna er orðið lítið. Jarðir, búpeningur og verkfæri hefur allt margfaldazt í verði á fáum árum. Án verulegs lánsfjár er ekki unnt fátækum mönnum að byrja búskap, en þetta lánsfé er hvergi fáanlegt eins og nú er.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Þörfin fyrir framgang þess er ákaflega brýn og aðkallandi. Að því gæti orðið þýðingarmeiri og farsælli atvinnubót en atvinnubótavinnu bæjanna og öðru því, er nú um skeið hefur verið stofnað til í óvissu. Segja má, að óvist sé, að stofnlánadeildin fái fjármagn til að gegna sínu hlutverki, og ef það tekst ekki, þá verður árangurinn litill. En okkur þykir rétt, að gerð sé raunhæf tilraun með það, hver áhrif skattar og útsvör hafa á sparifjársöfnun í landinu. Reynslan ætti að skera úr um það á fáum árum, hvort þessi tilraun heppnast vel eða ekki.“